

frelsi við gangast, en gjaldið fyrir 1870 verður að heimta af honum, og má taka það lögtaki, ef svo ber undir.

1871.
21. septbr.

89. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun kornláns handa Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu. 18. oktbr.

Með bræfi 12. ágúst þ. á. hafið þér, herra amtmaður, samkvæmt bræfi stjórnarráðsins 7. janúar og 4. júlí þ. á., sent hingað skýrslur frá sýslumönnunum í Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu um kornlán það, sem var veitt tæðum sýslum haustið 1867 af hinum íslenska styrktarsjóði, en af skýrslum þessum má sjá, að tveir af þeim átta hreppum í Eyjafjarðarsýslu, sem ennþá eru ekki búnir að borga lánið alveg, hafa ekki borgað neitt uppí það, nè heldur í vöxtu, að einn hreppur aðeins hefir borgað 7 rd., og hinir átta hrepparnir alls ekki goldið neitt frá lokum fjárhagsársins 1868—69, en hrepparnir í Skagafjarðarsýslu hafa borgað vöxtu af skuldinni til loka fjárhagsársins 1870—71, og eptir skýrslu Briems sýslumanns á nokkuð að vera borgað uppí skuldina, en ekki tilgreint hversu mikið. Jafnframt hafið þér skýrt frá, að þér á ný hafið brýnt fyrir sýslumönnunum, að sjá um, að eptirstöðvarnar af tæðri skuld verði borgaðar svo fljótt, sem auðið er, en þó lagt það til, að þeim, sem í hlut eiga, verði veittur frestur til næsta sumars með borgun þess, sem ekki verður goldið á þessu hausti.

Útaf þessu mælumst vèr til í sambandi við bréf stjórnarráðsins 7. janúar þ. á., að þér sjáið um, ef ekki er búið að gjalda vöxtu af láninu, þá sem komnir eru í gjalddaga 1. dag aprílm. 1872, og borgun uppí það 1. dag júlím. s. á., að lögsókn þá verði tafarlaust höfðuð, til þess að heimta eptirstöðvarnar, og að þér sendið hingað skýrslu um ráðstafanir þær, sem þér hafið gjört í þessu skyni, en með því skýrslur þær, sem nefndar eru að framan,

1871.

18. oktbr.

eigi gjöra svo grein fyrir því, hvernig nú stendur á um lánið, sem nægir, verðum vör jafnframt að mælast til, að þér sendið stjórnarráðinu fullkomið yfirlit yfir lánið um 31. marz 1872, og skal það lagað eptir meðfylgjanda skýrsluformi.

Útaf því, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefir sent hingað beina leið ávísun til 100 rd., til þess að greiða með þeim vöxtu og borgun uppí lán það, sem var veitt hreppum í tðri sýslu, án þess að skýra frá, hversu mikið af þessari upphæð skuli ganga til borgunar vaxta og hversu mikið uppí lánið sjálft, mælumst vör að endingu til, að þér leggið tððum sýslumanni fyrir, að taka sèrstaklega fram, þá er hann borgar nokkuð af skuldinni, hve mikið skuli koma uppí lánið, og hve mikið sè ætlað til að borga með vöxtu, og ennfremur, fyrir hvert ár og fyrir hverja hreppa galdið sè.

18. oktbr.

90. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sameining Borgarfjarðarsýslu við Mýrasýslu.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 11. þ. m. allramildilegast að fallast á:

að Borgarfjarðarsýsla í suðurumdæmi Íslands og Mýrasýsla í vesturumdæmi Íslands verði sameinaðar í eitt lögsagnarumdæmi; að afgjaldið af báðum sýslum skuli vera 250 rd. á ári hverju;

að sýslumanninum verði lagt fyrir að hafa aðsetur nálægt Hvítá.